

88 Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Guðmundar
23. maí Snorrasonar, útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra, 23. maí
1940. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Guðmundar Snorrasonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Gjafasjóður Guðmundar Snorrasonar“ og er stofnaður samkvæmt erfðafyrirmælum Guðmundar Snorrasonar, fyrrum bónda að Stuðlafossi í Jökuldal, er lézt 27. janúar 1936.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er, samkvæmt skiptagerð sýslumanns Skaftafellssýslu, dags. 16. desember 1938, jörðin Stuðlafoss í Jökuldalshreppi og kr. 5494.49 í lausafé.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Næstu 100 ár, eða til ársins 2038, skal $\frac{1}{3}$ hluti vaxtanna leggjast við höfuðstólinn, en $\frac{2}{3}$ hlutar koma til útborgunar. Fyrsta útborgun vaxta skal fara fram árið 1942. Árið 2038 skal tekin ný ákvörðun um, hve mikill hluti vaxtanna fellur til árlegrar útborgunar.

4. gr.

Útborguðum vöxtum skal verja þannig:

1. Til eflingar landbúnaði í Norður-Múlasýslu, sérstaklega sauðfjárrækt, samkvæmt reglugerð, sem þar um verður sett.
2. Fjórum sinnum má verja útborguðum ársvöxtum sjóðsins til að styrkja rafveitubyggingu á Stuðlafossi í Jökuldalshreppi, eftir að rafveita hefir að mestu verið fullgerð. Gildir þetta ákvæði, þótt jörðin verði í eigu annara en sjóðsins.

5. gr.

Aðalumsjón sjóðsins hefir sýslunefnd Norður-Múlasýslu. Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, 2 er sýslunefndin kys á aðalfundi ár hvert, en hinn þriðji skal vera sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu. Auk þess skal kjósa tvo varastjórnendur. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún ákveður allar útborganir úr sjóðnum samkvæmt reglugerð sjóðsins og semur reikning hans.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda þessar bækur:

1. Gerðabók.
2. Bók yfir reikninga sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikning sjóðsins skal sýslunefnd endurskoða, úrskurða og birta.

7. gr.

Ef eitt ár eða fleiri líða svo, að ekki er úthlutað úr sjóðnum, má úthluta þeim fjárhæðum til viðbótar síðar, ef ástæður þykja til.

8. gr.

88

Sjóðurinn skal geymast og ávaxtast í ríkisskuldabréfum og bankavaxtabréfum, sem ríkisábyrgð er fyrir, eftir því, sem við verður komið, en að öðru leyti í sparisjóði. 23. maí

9. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast staðfestingar konungs.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Norður-Múlasýslu árið 1940.

Skrifstofu Norður-Múlasýslu, Seyðisfirði, 8. apríl 1940.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

89

um breyting á reglugerð fyrir Stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna frá 1. marz 1940. 23. maí

Í 4. gr. reglugerðarinnar komi 275000 krónur í stað 225000 krónur.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 37 12. febrúar 1940, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

90

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar frá 21. nóv. 1931. 24. maí

Í 1. gr. d.-lið falli burtu orðin „frá 1. september til 30. apríl og kr. 0.04 fyrir kíló-wattstund frá 1. maí til 31. ágúst.“

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. júní 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.